

Ábyrgð fyrirtækja í loftslagsmálum

Skógrækt undir merkjum Kolviðar

Erindi flutt á málþingi Landsvirkjunar 4. mars 2015

Efnisinnihald

- Kolviður – sköpun trausts
- Samskipti við samstarfsaðila Kolviðar
- Samfélagsleg ábyrgð í umhverfismálum

Kolviður

Kolviðarsjóðurinn er stofnaður með skipulagsskrá í júní 2006. Um sjóðinn gildir því reglugerð um sjóði nr. 140/2008 en þeir eru þar nefndir sjálfseignarstofnanir, sem starfa samkvæmt skipulagsskrá á grundvelli laga um sjóði og stofnanir nr. 19/1988. Sjóðurinn heitir Kolviður. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Stofnendur sjóðsins eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd með stuðningi ríkisstjórnar Íslands.

Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- a. Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.
- b. Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- c. Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- d. Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- e. Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Tekjum sjóðsins skal varið til skógræktar á svæðum þar sem gerðir eru langtímasamningar um kolefnisbindingu. Þar skal vera trygging fyrir því að sjóðurinn fái bætur ef binding skerðist á samningstímanum vegna breyttra landnota. Samningar Kolviðar við landeigendur eru miðaðir við 90 ár eða þann tíma sem tekur skóginn að binda þau 330 tonn/ha sem reiknað er með. Ekki er greidd leiga fyrir landnotkun en landeigandi eignast skóginn að binditíma loknum.

Samkvæmt stofnskrá sjóðsins skal sjóðsstjórn semja ársreikning fyrir 1. júní ár hvert og skal hann endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, sem í dag er KPMG. Ársreikningar Kolviðar eru sendir Ríkisendurskoðun sem hefur eftirlit með slíkri starfsemi. Reikninga og skilagrein um ráðstöfun fjármuna og kolefnisbókhald skal leggja fyrir aðalfundi Landverndar og Skógræktarfélags Íslands og birta á heimasíðum þeirra. Endurskoðendur sjóðsins skulu afla vottorða og upplýsinga um umfang gróðursetninga og reglulega er gerð mæling á kolefnisbindingu. Landupplýsingasvið Landgræðslu ríkisins og Íslenskrar skógarúttekta á Rannsóknarstöð skógræktar ríkisins á Mógilsá annast þessar rannsóknir. Fyrsta mæling á Geitasandi fór fram sl. haust og er niðurstöðu frá Íslenskri skógarúttekt að vænta fyrir vorið.


Í raun má líkja Kolviðarsjóðnum við tryggingarfélag þar sem til staðar þarf að vera tryggingarsjóður til að mæta áföllum, hjá okkur þarf að vera til staðar sjóður til þess að kosta aðhlyningu með áburðargjöf og íbótum fyrstu fimm árin eftir plöntun og síðan til umhirðu þar til kolefnisbindingunni er náð eða í 80-90 ár.

Fyrsta verkefni Kolviðar er á landi Landgræðslu ríkisins á Geitasandi við Stóra-Hof. Þar hefur Kolviður aðstoðað fjölda fyrirtækja við kolefnisjöfnun með því að planta þar trjám. Plantað hefur verið tæplega 400 þúsund plöntum sem dafna þar vel og binda kolefni, auk þess að binda þarna sandfláka sem sköpuðu sandfok hér áður fyrr. Í stað svarts sands er þarna að rísa myndarlegur skógur sem mun binda um 50 þúsund tonn af CO₂ á næstu 90 árum. Nú í vor verður komið fyrir útivistaraðstöðu á svæðinu þannig að fyrirtækin og almenningur geti notið þess að fara um í fögru umhverfi og fylgjast með skóginum vaxa.

Landið á Geitasandi er nú að mestu fullnýtt og erum við í samningum við Skógræktarfélag Íslands um afnot af landi þeirra á jörðinni Úlfjótsvatni.



Ég sé einnig fyrir mér að áhugavert geti verið í framtíðinni að rækta Kolviðarskóg á Mosfellsheiði milli Suðurlandsvegur og Þingvallavegar vestan Hengilssvæðisins en þetta svæði er í dag nánast sem eyðimörk gróðurfarslega séð.



Ástæða þess að ég kem inn á framangreint hér, er að mikilvægt er að þeir sem kolefnisjafna losun sína með aðkomu Kolviðar geti treyst því að faglega sé að öllum hlutum staðið.

Samskipti við samstarfsaðila Kolviðar

Kolviður leggur ríka áherslu á gegnsæi og ábyrg vinnubrögð og þess vegna eru gerðir skriflegir samningar við hvern og einn samstarfsaðila þar sem m.a. er kveðið á um þá starfsemi sem er kolefnisjöfnuð, kolefnisbókhald, kolefnisáætlun og notkun á merki Kolviðar.

Þeir þættir sem fyrirtæki eru að kolefnisjafna eru m.a.

- Flutningur vegna hráefnisöflunar, t.d. veiðar í sjávarútvegi eða innflutningur hráefnis frá framleiðanda
- Framleiðsla sem leiðir af sér kolefnislosun, t.d. fiskeldi
- Flutningur fullunninna vara á markað með bílum, skipum eða í flugi og bílum eða lestum erlendis
- Ferðir starfsmanna til og frá vinnu eða í viðskiptaerindum innanlands og erlendis

Á heimasíðu Kolviðar er reiknivél sem auðveldar fyrirtækjum að reikna út kolefnislosun sína en auk þess aðstoðar Kolviður við að reikna út slíka losun þar sem reiknivél okkar nær ekki til. <http://kolvidur.is/carbon-calculator/>

Mörg fyrirtæki eru farin að halda vandað kolefnisbókhald og vil ég í því sambandi benda á Landsvirkjun sem er væntanlega komin einna lengst í þessum efnum. Í mörgum tilvikum er þetta bókhald ekki flókið, hægt er að halda utan um það í Excel út frá keyptu eldsneyti eða keyptri þjónustu.

Til þess að Kolviður geti plantað þeim trjám sem eiga að binda til að mynda losun þessa árs þá þarf að liggja fyrir áætlun um kolefnisjöfnun í upphafi árs þannig að hægt sé að gera ráðstafanir um útveggun plantna og skipuleggja plöntun í sumar.

Í samningum okkar er kveðið á um notkun á merki Kolviðar. Það er mikilvægt að merkið sé rétt notað og að ekki sé gefið í skyn að verið sé að kolefnisjafna annað en um er samið því slíkt væri svik við markaðinn sem er í góðri trú.

Í samningum okkar við Landsvirkjun og aðra aðila er þetta orðað svo:

Landsvirkjun fær með samningi þessum heimild til þess að nota merki Kolviðar á þá bíla sem sannanlega eru kolefnisjafnaðir. Þetta á einnig við um kynningargögn, upplýsingar á heimasíðu og útsent efni. Öll notkun/staðsetning á merki Kolviðar er háð fyrirfram samþykki fulltrúa Kolviðar.

Kolviður mun á heimasíðu sinni halda skrá yfir fyrirtæki sem kolefnisjafna losun sína og geta þess hvaða þættir starfseminnar eru kolefnisjafnaðir.

Jafnframt mun Kolviður setja tengingu við heimasíðu Landsvirkjunar með www.landsvirkjun.is

Okkur er ljóst að kolefnisjöfnun hefur samfélagslegt- og markaðslegt gildi, við höfum því látið útbúa merki til notkunar þannig að fyrirtæki geti gert þessa stefnu sína sýnilega og einnig látum við fyrirtækjunum í hendur skjal þar sem fram kemur að samstarf sé um tiltekna kolefnisjöfnun. Fyrirtæki hafa einnig komið merki Kolviðar fyrir á umbúðum vara sinna eins og t.d. Iceland Spring vatnssölufyrirtækið og öll eru þau með merki Kolviðar á heimasíðum sínum.

En hverjir greiða fyrir kolefnisjöfnunina?

Meginreglan er að sá sem stuðlar að losuninni kolefnisjafni, eða til að einfalda þetta, sá sem greiðir fyrir t.d. flutning, kolefnisjafnar hann, nema flutningsaðilar kosti losunina og bjóði kolefnisjafnaðan flutning til að aðskilja sig þannig á markaði. Greiðendur geta því bæði verið innlend og erlend fyrirtæki.



Kolviður leggur áherslu á að vera samkeppnishæfur á alþjóðamarkaði hvað varðar kostnað við kolefnisjöfnun en helstu áhrifavaldar þar eru rétt plöntuval og staðsetning þeirra, heilbrigði keyþra plantna og fagleg vinnubrögð við plöntun og umhirðu.

Samfélagsleg ábyrgð í umhverfismálum

Á undanförunum árum hefur samfélagslegur þrýstingur á fyrirtæki aukist. Ætlast er til að þau hafi m.a. góða stjórnar- og viðskiptahætti í heiðri, stjórnri gæðum vöru og þjónustu, stuðli að

jafnrétti og hugi að umhverfismálum. Til þessa nýta þau leiðbeiningar og staðla sem samkomulag hefur orðið um.

Til er staðall ISO 26000:2010 Leiðbeiningar fyrir samfélagslega ábyrgð. Einn þeirra sjö meginþátta sem þar er fjallað um snýr að umhverfismálum m.a. *sjálfbærni, loftslagsbreytingum og endurheimt landgæða*. Tvö af meginmarkmiðum Kolviðar lúta að þessu, annarsvegar að *stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs* og hinsvegar að *draga úr áhrifum af losun gróðurhúsalofttegunda*.

Fyrirtæki sem vilja láta líta á sig sem samfélagslega ábyrg þurfa því að huga að áhrifum starfseminnar á andrúmsloftið.

Við hjá Kolviði höfum rætt samstarf við *FESTU félags um samfélagsábyrgð fyrirtækja* en félagar þar eru nú 54 fyrirtæki og þrjú þeirra Landsvirkjun, Landsbankinn og ÁTVR kolefnisjafna losun í samstarfi við Kolvið. Hin fyrirtækin 51 eiga því enn möguleika á að sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Neytendur um allan heim eru nú orðið mun meðvitaðri um samfélagsleg áhrif fyrirtækja, þar á meðal losun þeirra á CO₂, og munu innan tíðar í auknum mæli velja framleiðendur, seljendur og þjónustuaðila sem sýna umheiminum samfélagslega ábyrgð, m.a. með því að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á loftslagið.

Social responsibility: 7 core subjects



* The figures denote the corresponding clause numbers in ISO 26000.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum atvinnustarfseminnar á loftslagið geta stjórnendur þeirra annarsvegar dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að draga úr þeim þáttum sem nýta jarðeldsneyti og hinsvegar bundið þá losun sem ekki tekst að koma í veg fyrir, t.d. með skógrækt.

Hér á landi býður Kolviðarsjóðurinn fyrirtækjum og einstaklingum að kolefnisjafna fyrir þau óhjákvæmilega losun með skógrækt.

Við viljum hvetja fyrirtæki til þess að sýna samfélagslega ábyrgð í verki, m.a. með því að kolefnisjafna losun sína á gróðurhúsalofttegundum og sýna viðskiptavinum sínum nú og í framtíðinni umhyggju og virðingu með því að bregðast við, *áður en þeir bregðast við* og velja aðrar vörur eða aðra þjónustuaðila.

Starfsemi Kolviðar er háð því að fullkomið traust sé milli sjóðsins og þeirra sem nýta sér þjónustu hans og að neytendur geti fullkomlega treyst því að sú kolefnisbinding sem um er rætt eigi sér stað.

Reynir Kristinsson
Stjórnarformaður Kolviðar